Sjúkratryggingar

# Skráning reikninga í Gagnagátt Sjúkratrygginga


## Leiðbeiningar

Reikninga vegna hjálpartækja og/eða næringar skal senda til Sjúkratrygginga í gegnum Gagnagátt í eftirfarandi tilfellum:

- Þegar reikningur er gefinn út til Sjúkratrygginga (kt. 650309-0220) vegna heimildar fyrir tiltekinn einstakling
- Þegar seljandi er ekki í rafrænum reikningaviðskiptum í gegnum eigið tölvukerfi (vefþjónusta)[1].

Innsending reikninga vegna magnkaupa, viðgerða og varahluta sem kveðið er á um í samningi helst óbreytt enn sem komið er.

Þegar seljandi skráir inn kennitölu einstaklings fyrir reikning vegna hjálpartækis og/eða næringar skoðar kerfið þær heimildir sem að einstaklingurinn er með frá Sjúkratryggingum. Ef heimild er ekki til staðar birtist hún ekki í fellilista og þá er ekki hægt að senda inn rafrænan reikning.




Í reglugerð 760/2021 kemur fram að sækja þurfi um heimild fyrir hjálpartæki áður en hjálpartæki er afgreitt. Athugið að afhending á hjálpartæki þarf að hafa átt sér stað áður en reikningur er sendur inn.

PDF útgáfa af reikning skal ávallt sett í viðhengi undir **Fylgiskjöl**.

Skrifleg staðfesting hins sjúkratryggða eða aðstandanda hans á móttöku vöru skal varðveitt hjá seljanda í 7 ár. Sama á við um móttökukvittun frá pósthúsi ef vara er send út á land. Öll gögn skulu aðgengileg Sjúkratryggingum sé þess óskað í tengslum við eftirlit sbr. 45. gr. laga um Sjúkratryggingar nr. 112/2008 með síðari breytingum.

[1] Upplýsingar má finna á sérstöku vefsvæði á Teams / Share Point. Sendið tölvupóst á hjalp@sjukra.is til að óska eftir aðgangi að því vefsvæði.



Sjúkratryggingar
Vínlandsleið 16
113 Reykjavík
515 0000
sjukra@sjukra.is

Sjúkratryggingar

# Ferli við skráningu reiknings

Velja **Hjálpartækjareikningur** undir **Skjalaskil** í Gagnagátt

## Notandi hjálpartækis/næringar

**Skrá inn kennitölu (**nr. **1** á mynd hér að neðan**)**, nafn, sími og netfang birtist sjálfvirkt, upplýsingar sóttar í Viðskiptamannaskrá Sjúkratrygginga.

## Seljandi/Útgefandi reiknings

Seljandi/útgefandi reiknings birtist sjálfkrafa út frá gátt. Tryggja skal að svo sé og að fyrirtækið sé skráð sem eigandi reiknings. Ef útgefandi reiknings er útibú, skal tryggja að rétt útibú sé valið **(2)**.

## Dagsetning reiknings

Skrá inn dagsetningu reiknings (**3**).

## Reikningsnúmer

Skrá inn Reikningsnúmer í heild sinni, þ.e. alla bókstafi og allar tölur (ef 0 er fremst í reikningsnúmeri skal það skráð) (**4**). Hér er ekki heimilt að bæta við tölum eða táknum sem ekki eru á reikningi.

## Reikningslínur


**Í reikning þarf að skrá:**

- Viðeigandi **ISO númer/velja úr fellilista (5)**
- **Magn** sölueininga **(6)**
- **Vörunúmer (7)**
- **Söluverð með virðisaukaskatti (8).** Athugið að söluverð birtist sjálfkrafa um leið og vörunúmer er valið
- Tryggja skal að hluti Sjúkratrygginga sé sá sami á innskráðum reikningi og fylgiskjali
- Smella á „Skrá reikningslínu“:






Sjúkratryggingar
Vínlandsleið 16
113 Reykjavík
515 0000
sjukra@sjukra.is





Athugið eftirfarandi atriði:

- Finnist engin ákvörðun fyrir reikningslínuna þá er skráð magn umfram heimild eða heimild fullnýtt
- Fyrir hvert vörunúmer þarf að gera nýja reikningslínu

## Vörunúmer

Yfirlit vörunúmera má finna í **Vörulistar birgja** undir **Vörulistar**

- Ef breyting er á vörunúmeri skal „Uppfæra“




- Ef vörunúmer vantar fyrir vöru utan samnings skal „Skrá nýtt vörunúmer“





- Allar vörulistabreytingar fara í beiðni til Sjúkratrygginga en yfirlit þeirra má sjá undir **Vörulistabreytingar**



Sjúkratryggingar
Vínlandsleið 16
113 Reykjavík
515 0000
sjukra@sjukra.is

### Sendingarkostnaður

Skrá inn sendingarnúmer og kostnað ef við á.




### Fylgiskjöl

Setja reikning ásamt reikningagögnum inn sem viðhengi (draga inn í glugga).





Að lokum, smella á hnappinn „senda inn reikning“:




## Yfirlit hjálpartækjareikninga

Yfirlit innsendra reikninga má finna í **Yfirlit hjálpartækjareikninga** undir **Skjalaskil**. Sé innsendur reikningur bakfærður í kerfi seljanda skal einnig bakfæra hann í Gagnagátt.




Afgreiðslustaða reiknings breytist í Greiddur þegar hann hefur verið sendur í greiðsluferli.

Sé reikningur ranglega skráður inn verður honum hafnað af Sjúkratryggingum og breytist Afg. staða hans í Hafnaður. Til að losa heimildir á þeim reikningi þarf að bakfæra hann í Gagnagátt og í kjölfarið er hægt að senda inn leiðréttan reikning.

Gefið út í Nóvember 2026.



Sjúkratryggingar
Vínlandsleið 16
113 Reykjavík
515 0000
sjukra@sjukra.is